

Alþingi
Erindi nr. P 135/1114
komudagur 22.1.2008

Gallerí Fold
Rauðarárstíg 14
105 Reykjavík
sími 551 0400
netfang fold@myndlist.is

Reykjavík 18. janúar 2008.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar frumvarp til myndlistarlaga, þskj. 384 – 306. mál.

Í heild álitum við að þetta frumvarp sé til töluverðra bóta. Þó eru nokkur grundvallaratriði sem við gerum athugasemdir við.

II. kafli – Listasafn Íslands

Við 3. grein:

Á eftir annarri málsgrein komi ný grein: *Yfir sumartímann ber safninu að setja upp yfirlitssýningar á höfuðverkum íslenskrar myndlistar í eigu safnsins.*

Þetta er sá tími sem erlendir ferðamenn sækja landið heim í mestum mæli. Þeir hafa oft kvartað sáran vegna þess að hvergi gefur að líta úrval íslenskrar myndlistar á söfnunum. Hvarvetna í veröldinni leggja þjóðlistasöfn megináherslu á að sýna erlendum gestum úrval af því besta sem söfnin eiga. Hér á landi hefur það ekki ávallt verið svo. Til að mynda var sumarsýning Listasafns Íslands eitt sumarið á þjóðbúningum frá Jórdaníu! Nýr forstöðumaður safnsins hefur þegar lagt línur í þessu sambandi og til að forða safninu frá niðurlægingu þykir okkur rétt að binda þetta ákvæði í lög.

Til að gera safninu kleift að “annast fræðslustarfsemi um innlenda (og erlenda) myndlist fyrir skóla, fjölmiðla og almenning” er nauðsynlegt að gera ráðstafanir vegna höfundarréttargjalda vegna eftirgerðar á kennsluefni sbr. samsvarandi heimild í 7. grein,

Við 4. grein:

Önnur málsgrein hljóði svo: *Safnstjóri skal hafa háskólamenntun í rekstrarfræðum*

Ljóst er að stærstur hluti starfa safnstjórans er á rekstrarsviði. Stjórn Listasafns Íslands felst m.a. í rekstri tveggja safna með tilheyrandi sýningahaldi, viðamiklu starfsmannahaldi, verslunar- og veitingarekstri, ýmis konar útgáfustarfsemi, kynningarstarfi, umboðssölu, rekstri forvörsluverkstæðis o.fl. Álitsgjafi álitur að skynsamlegast hefði verið að fela einkaaðilum rekstur safnsins, en fyrst sú leið er ekki valin sé sjálfsagt að ráða í stöðu safnstjóra viðskiptamenntaðan mann. Hann getur ráðið sér til aðstoðar starfsfólk á listasviði.

Aftan við fjórðu málsgrein komi ný grein: *Safnstjóra ber að fylgjast vel með því sem gerist á íslenskum myndlistarvettvangi s.s. á sýningum myndlistarmanna og á almennum uppboðum.*

Varla fer á milli mála að geri safnstjóri þetta ekki sjálfviljugur sé nauðsynlegt að binda það í lög.

Við 5. grein:

Þess er krafist að fulltrúa frá samtökum atvinnulífsins verði bætt í nefndina, tilnefndum af Samtökum verslunar og þjónustu.

Það er eðlileg krafa að ef fulltrúi frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna situr í nefndinni eigi fulltrúi þeirra sem höndla með myndlist einnig sæti í henni.

Þá verði eftirfarandi bætt í greinina: *Innkaupanefndinni ber að fylgjast vel með því sem gerist á íslenskum myndlistarvettvangi s.s. á sýningum myndlistarmanna og á almennum uppboðum.*

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Varðandi 7. grein:

Huga verður sérstaklega að höfundarréttarmálum vegna kynningar á verkum safnsins og fræðsluskyldu þess. Nútímatækni býður uppá endalausa möguleika til kynningar og fræðslu til dæmis á Internetinu. Að dómi álitsgjafa ætti að binda það í lög að Listasafn Íslands geti án teljandi fjárútlaga til Myndlistarsjóðs Íslands staðið fyrir sem bestri kynningu á myndlistarmönnum og almennri fræðslu um myndlist. Ljóst er að slík kynning er öllum aðilum til góðs, ekki síst myndlistarmönnum. Er því vart eðlilegt að Myndhöfundarsjóður Íslands geri háar kröfur um greiðslur safnsins í sjóðinn af þessu tilefni. Getur jafnvel verið nauðsynlegt að binda slíka greiðslu í lög til að veita safninu eðlilegt og nauðsynlegt svigrúm.

III. kafli – Myndlistarráð

Varðandi 9. grein:

Gerð er krafa um að fulltrúi frá atvinnulífnum, tilnefndum af Samtökum verslunar og þjónusta, sitji í ráðinu.

Bent er á að samtökin gæta hagsmuna þeirra sem stunda sölu á myndlist og reka viðamikla sýningarstarfsemi. Fram að þessu hafa þau hvergi komið að stefnumótun né vinnu við úthlutun verkefna og/eða styrkja á því sviði, en það segir sig sjálf að þar eiga þau fullt erindi. Á sama tíma er gert ráð fyrir tveimur fulltrúum frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, sem er algjörlega fráleitt. Með stuðningi eins annars í ráðinu gæti sambandið haft þar meirihluta, sem væri sannanlega óásættanlegt. Því er lagt til að Samtök verslunar og þjónustu tilnefni einn fulltrúa og Samband íslenskra myndlistarmanna annan. Þá er ekki alveg auðséð hvaða erindi Myndhöfundarsjóður Íslands á í ráðið. Sjóðurinn er hagsmunasamtök myndlistarmanna og ekkert nema gott um það að segja, en myndlistarmenn eiga þegar fulltrúa í ráðinu.

Við 10. grein.


Á eftir c. lið komi nýr liður:

- d. *aðstoða og styrkja starfandi listhús (gallerí) við kynningar þeirra á listamönnum og uppsetningu myndlistarsýninga, bæði hérlendis og erlendis.*

Aðrir liðir færast aftar.

Breytingin þarfnast varla skýringa, en það væri sýningarhaldi einkarekinna listhúsa og þátttöku þeirra í innlendum og erlendum atburðum mikil lyftistöng að hafa Myndlistarráð sem bakhjarl.

Virðingarfyllst,
f.h. Gallerís Foldar,



Tryggvi P. Friðriksson.